

Fundur Ungmennaráðs Hafnarfjarðar

120. fundur, haldinn í Húsinu, Staðarbergi 6.

Þriðjudagur 25.apríl 2017 kl. 20:00

Fundinn sátu: Lára Rós Friðriksdóttir, Breki Dagur Jónsson, Bjarki Steinar Viðarsson, Auður Rán Pálsdóttir, Sólrún Soffía Arnardóttir, Guðrún Lilja Friðjónsdóttir, Katrín Rós Þrastardóttir, María Mist Árnýjardóttir og Hekla Ýr Þorsteinsdóttir.

Afboðuðu sig: Birta Guðný Árnadóttir, Eva Rut Bernhöft Reynisdóttir, Steingrímur Daði Kristjánsson, Vaka Agnarsdóttir, Áslaug Guðrún Egilsdóttir, Þorgerður Ósk Jónsdóttir og Þórhildur Björg Þorsteinsdóttir.

Fundarstjóri: Breki Dagur Jónsson

Ritari: Lára Rós Friðriksdóttir

1. Fundarstjóri næsta fundar

Samþykkt að Katrín Rós Þrastardóttir sjái um undirbúning og stýri næsta fundi sem verður þriðjudaginn 9.maí.

2. Dagsetning fyrir fund með bæjarstjórn

Samþykkt að fundur með bæjarstjórn verður haldinn 24.maí 2017.

Samþykkt að Lára Rós Friðriksdóttir verði fundarstjóri á fundinum.

3. Önnur mál

Kynlaus klósett: Það var aðeins rætt um okkar álit á kynlausum klósettum og hvað við viljum gera til að framkvæma það í grunnskólum í Hafnarfirði og á almennings klósettum.

Sund í grunnskólum: Okkur finnst ekki nauðsynlegt að það þurfi að kenna grunnskólabörnum sund í 10 ár. Við viljum að sund í grunnskólum yrði frá 1.-8.bekk og börn í unglingadeild myndu þá taka nokkurs konar „stöðupróf“ eða „þolpróf“ í sundi og myndu þannig kennarar sjá hversu vel syndir nemendur væru. Við teljum það ónauðsynlegt fyrir nemendur í unglingadeild að mæta í skólasund.

Næsti fundur áætlaður 9.maí 2017. Fundi slitið kl. 20:29.

